

2120. fundur stjórnar Knattspyrnusambands Íslands var haldinn fimmtudaginn 16. ágúst 2012 á Laugardalsvelli og hófst kl. 16.00

Mættir: Geir Þorsteinsson, Gylfi Þór Orrason, Guðrún Inga Sívertsen, Lúðvík S Georgsson, Rúnar Arnarson, Vignir Már Þormóðsson, Jóhannes Ólafsson, Jóhann Torfason og Þórarinn Gunnarsson.

Þórir Hákonarson framkvæmdastjóri ritaði fundargerð.

Forföll: Gísli Gíslason, Ragnhildur Skúladóttir og Róbert Agnarsson,

Þetta var gjört:

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar var lögð fram og samþykkt.

2. Mótamál

- Íslandsmót 2012. Framkvæmdastjóri greindi frá gangi mála í Íslandsmóti en mótin hafa að mestu gengið skv. skipulagi.
- Borgunarbikarinn 2012 – úrslitaleikir. Úrslitaleikur í Borgunarbikar karla fer fram á Laugardalsvelli laugardaginn 18. ágúst en í úrslitum leika Stjarnan og KR. Úrslitaleikur í Borgunarbikar kvenna verður leikinn á Laugardalsvelli laugardaginn 25. ágúst og þar leika til úrslita Valur og Stjarnan.
- Úrslitakeppnir – verðlaunaafhendingar. Úrslitakeppnir yngri flokka hefjast innan skamms og munu stjórnarmenn sjá um verðlaunaafhendingar.
- Evrópukeppnir. Íslensk félagslið karla hafa lokið keppni í Evrópukeppnum. ÍBV var slegið út í 1. umferð forkeppni Evrópuedeildarinnar en FH og Þór voru slegin út í 2. umferð forkeppni Evrópuedeildar. KR var slegið út í 2. umferð forkeppni Meistaradeildarinnar.

- Aga – og úrskurðarmál

Aga- og úrskurðarnefnd hefur tekið fyrir kærni Leiknis gegn Val vegna leiks félaganna í 2. flokki karla B-liðum, Íslandsmóti, sem fram fór 27. júlí síðastliðinn. Í úrskurðarorðum kemur fram að leikurinn skuli dæmdur tapaður fyrir Val með markatölunni 0-3, og að auki er Val gert að greiða sekt.

Á fundi aga- og úrskurðarnefndar KSÍ 8. ágúst 2012 var samþykkt að áminna Þórð Þórðarson þjálfara ÍA vegna ummæla hans í fjölmiðlum eftir leik ÍA og KR í Pepsi-deild karla sem fram fór 30. júlí og sekta jafnframt Knattspyrnudeild ÍA um kr. 25.000 vegna ummælanna.

Framkvæmdastjóri KSÍ vísaði ummælum Þórðar til aga- og úrskurðarnefndar í samræmi við 18. grein reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál.

Áfrýjunardómstóll KSÍ hefur staðfest úrskurð Aga- og úrskurðarnefndar varðandi leikbann þjálfara 4. flokks karla hjá KA. KA skaut málinu til Áfrýjunardómstóls KSÍ en hinn áfrýjaði úrskurður aganefndar var kveðinn upp 3. júlí 2012 þar sem Sævar Pétursson, þjálfari 4. flokks karla hjá KA, var úrskurðaður í eins mánaðar leikbann og knattspyrnudeild KA gert að greiða kr. 20.000 í fjársekt.

3. Fundargerðir nefnda

- Dómaranefnd frá 11. júlí
- Unglinganefnd karla frá 4. júní
- Landsliðsnefnd karla frá 13. ágúst
- Starfshópur stjórnar frá 30. júlí

4. Störf nefnda og starfshópa

- Starfshópur um agaskýrslu. Á síðasta ársþingi KSÍ var samþykkt að skipa starfshóp sem fjalla á um tillögu sem lögð var fram á þinginu varðandi birtingar á agaskýrslum. Hópnum er ætlað að skila tillögum fyrir lok keppnistímabils 2012 og er formanni hópsins, Gylfa Þór Orrasyni, falið að boða til fundar sem fyrst.
- Starfshópur um aldursskiptingu. Samþykkt var á ársþingi að skipa starfshóp til að fara yfir aldursskiptingu yngri flokka og er formanni hópsins, Róbert Agnarssyni, falið að boða til fundar sem fyrst þannig að tillögur geti legið fyrir fljótlega eftir að keppnistímabilinu lýkur.
- Starfshópur um keppni 5 manna liða. Formanni starfshópsins, Birni Friðþjófsyni, falið að boða til fundar sem fyrst í starfshópnum.
- Laga – og leikreglnanefnd.
Huga þarf að breytingum á lögum KSÍ og reglugerðum vegna samþykktar ársþings á breytingu á skipan deilda fyrir næsta keppnistímabil. Formanni nefndarinnar er falið að boða til fundar og fara leggja fram tillögur að breytingum sem gera verður vegna breytts deildaskipulags.
 - Seturéttur á ársþingi
 - Reglugerðabreytingar vegna nýs deildaskipulagsJafnframt þarf nefndin að taka til skoðunar tillögu að reglugerðabreytingu vegna staðfestingu nýrra liða til keppni.

5. Dómaramál

- Dómaraskipti. Á næstu vikum munu dómarar frá Finnlandi og Færeyjum dæma leiki í 1. deild karla en dómari frá Noregi mun dæma leik í Pepsi-deild karla. Þorvaldur Árnason mun dæma leik í efstu deild í Noregi.

6. Starfshópur stjórnar

- Samantekt vegna funda með aðildarfélögum – tillögur. Fyrir liggur samantekt starfshóps stjórnar vegna funda með aðildarfélögum á vordögum ásamt tillögum hópsins. Formanni og framkvæmdastjóra falið að upplýsa félögin og fara yfir málefni fundanna á formanna – og framkvæmdastjórafundum sem fram fer að loknu keppnistímabili.

7. A landslið karla

Vináttuleikir:

- Ísland – Færeyjar 15. ágúst. Leiknum lauk með 2-0 sigri Íslands.

8. A landslið kvenna

Undankeppni EM 2013:

- Ísland – N Írland á Laugardalsvelli 15. september.
- Noregur – Ísland 19. september. Leikið verður á Ullevall leikvangnum í Osló.

9. U21 karla

Undankeppni EM 2013:

- Belgía – Ísland 10. september.

10. Yngri landslið

- Norðurlandamót U17 kvenna í Noregi. Liðið lék í riðli með Frakklandi, Svíþjóð og Finnlandi og hafnaði í 7. sæti á mótinu.
- Norðurlandamót U17 karla í Færeyjum. Liðið lék í riðli með Svíþjóð, Danmörku og Færeyjum U19 og hafnaði í 8. sæti á mótinu.
- U19 karla – Svíþjóðarmót. Liðið lék gegn Noregi, Svíþjóð og Rúmeníu og vann Svíþjóð og Rúmeníu og gerði jafntefli við Noreg. Lið Íslands sigraði mótið.

11. Úrtökumót á Laugarvatni

- Úrtökumót stúlkna 10.-12. ágúst. Um 60 stúlkur tóku þátt í úrtökumótinu sem heppnaðist vel.
- Úrtökumót drengja 17. – 19. ágúst. Reiknað er með þátttöku ríflega 60 drengja á úrtökumótinu.

12. Önnur mál.

- Bikarúrslitaráðstefnur. Í tilefni úrslitaleikja í Borgunarbikarnum mun KSÍ og KBÍ standa fyrir bikarúrslitaráðstefnum fyrir þjálfara. Á ráðstefnu fyrir úrslitaleik karla verða útskrifaðir 28 þjálfarar með UEFA A þjálfaragráðu.
- Vígsla á mannvirkjum.
Hamarshöllin í Hveragerði verður vígð sunnudaginn 19. ágúst og verður varaformaður KSÍ, Gylfi Þór Orrason, fulltrúi KSÍ á staðnum.
Ný gervigrasvöllur verður vígður á Húsavík sunnudaginn 26. ágúst og nýr knattspyrnuvöllur verður vígður í Vogum á morgun, föstudaginn 17. ágúst. Fulltrúar KSÍ verða á báðum stöðum.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:00